

363. – Stjórnarfundur LEB 8. nóvember 2022

Kl. 10.30 - Haldinn sem fjarfundur.

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson. - *Drífa Sigfúsdóttir boðaði forföll.*

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Ragnar Jónsson.- *Jónas Sigurðsson boðaði forföll.*

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Hagsmunafulltrúi eldra fólka

Gestir fundarins, Ingólfur Hrólfsson og Stefanía Magnúsdóttir, tóku sæti á fundinum undir þessum lið. Ingólfur og Stefanía eru fulltrúar LEB í Starfshópi um hagsmunafulltrúa eldra fólks á vegum stjórnarráðsins.

Þau sögðu frá störfum starfshópsins. Þar hefur komið upp á borð ný tillaga í tveim liðum sem þau vilja heyra álit stjórnar á. Tillögurnar eru að finna í fundargerð starfshópsins frá 2. nóvember sl.:

„Ákveðið að fulltrúar starfshópsins ræði þessa tillögu í sínu baklandi og að hópurinn taki ákvörðun á næsta fundi þann 14. nóvember nk.

Tvær tillögur um ráðgjöf sem hefjist báðar í upphafi árs 2023.

Ráðgjafabjónusta um réttindi og þjónustu við eldra fólk.

Markmið: Að hægt sé að nálgast á einfaldan hátt upplýsingar og ráðgjöf um allt það sem varðar þjónustu við eldra fólk bæði félags- og heilbrigðisþjónustu s.s. með símtali eða netspjalli.

Lýsing: Þróunarverkefni til þriggja ára um ráðgjafabjónustu varðandi réttindi og þjónustu við eldra fólk. Til að byrja með yrðu tveir ráðgjafar að sinna almennri ráðgjöf. Ráðgjafarnir verði í sambandi við aðra aðila, s.s. félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðiskerfið. Samhliða ráðgjöfinni verði gögnum safnað um þau helstu atriði sem eldra fólk þarf ráðgjöf og stuðning með. Á grunni þeirra upplýsinga sem safnað yrði gegnum ráðgjöfina verði lagt mat á framtíðarskipulag ráðgjafar/hagsmunagæslu fyrir eldra fólk. Lagasetningu um hagsmunafulltrúa eldra fólks verði frestað þar til greining og upplýsingar liggja fyrir úr ráðgjöfinni.

Ráðgjöf fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra fyrir allt landið

Markmið: Að hægt sé að nálgast á einum stað upplýsingar og ráðgjöf um hvað eina sem varðar heilabilun s.s. hvert skal leita þegar grunur vaknar um heilabilun og hvaða þjónusta sé í boði og hvar sérhæfðari ráðgjöf er að finna.

Lýsing: Gerður verði samningur til þriggja ára við Seigluna, þjónustumiðstöð sem Alheimersamtökin reka, um að taka að sér síma- og netspjallsráðgjöf fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra. Með samningnum yrði veitt fjármagn til að kosta einn ráðgjafa allan samningstímann. Í tengslum við aðgerðaáætlun um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk verður sú þekking sem ráðgjafarþjónustan aflar sér á tímabilinu notuð til að efla sérhæfðari ráðgjöf sem sveitarfélög geta veitt í nærumhverfi.

Stjórnin samþykkir að Ingólfur og Stefanía vinni áfram í starfshópnum með þessa tillögu að leiðarljósi.

Gestir viku af fundi.

2. Fundargerð síðasta fundar 11.10.2022

Samþykkt

3. Heilsuefling eldra fólks

Formaður sagði frá fundi sem hann átti með Birnu Sigurðardóttur sérfræðing í félagsmálaráðuneytinu ásamt Andra Stefánssyni framkvæmdastjóra ÍSÍ. Fundinn sátu einnig Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB og Berglind Magnúsdóttir verkefnastjóri í ráðuneytinu.

Tilfni fundarins var að taka stöðu á verkefni LEB & ÍSÍ, *Heilsuefling eldra fólks*. Ánægja var almenn með stöðu verkefnisins en mikilvægt að skoða hvernig því verði síðan hrint af stað í ýmsum sveitarfélögum og ábyrgir aðilar á hverjum stað sæju til þess að það haldi áfram að eflast, þróast og festast í sessi. Ráðuneytisfólk lagði áherslu á að verkefnið hafi á sínum tíma verið styrkt vegna sérstakrar fjárveitingar vegna Covid. Huga verði að því hvort fjármagn sé enn til svo hægt verði að halda því áfram á sömu braut sem mikill vilji er fyrir.

4. Málaferli Gráa hersins

Hæstiréttur kvað upp sinn dóm 2. nóvember sl.

Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB reifaði niðurstöðuna sem hann kvað vera mikil vonbrigði þar sem hæstiréttur gekk enn lengra en héraðsdómur að dæma ríkinu í hag.

Sagði hann helst sláandi hversu litlu dómurinn tók til umfjöllunar aðal málið hjá GH sem væri sjálft skerðingarmálið. Dómurinn einblíndi á lögum sem sett voru 2016 og tóku gildi í ársbyrjun 2017.



Það voru 3 greinar stjórnarskrárinnar sem einkum lágu undir í málaferlinu:

65.gr. – Jafnræði

72.gr. – Eignarréttur

76.gr. – Framfærsla

Afstaða dómstólsins er skýr hvað varðar ellilífeyri frá Almannatryggingum. Hann sé ekki almennur lífeyrir sem allir eigi skilyrðislausan rétt á eftir langa búsetu á landinu, heldur er hann fyrst og fremst til að taka utan um þá verst settu. Stjórnvöld hafa í hendi sér hverju sinni að ákveða hvaða upphæð beri að greiða í ellilífeyri samkvæmt þessari stefnu hver sé lágmarkspörf til frmfærslu hverju sinni. Með lagasetningunni sem tók gildi í ársbyrjun 2017 þá álytur dómstóllinn að hagur ellilífeyristaka hafi almennt vænkast, þá sérstaklega þeirra sem hafa verið verr settir fram að því. Dómurinn áréttar að lífeyrissjóðsgreiðslur hvers og eins eru ekki skertar vegna ellilífeyris enda telst lífeyrissjóðsinneign og -réttindi séreign hvers og eins.

Þar sem dómstóllinn lét málið fyrst og fremst snúast um núverandi lög um almannatryggingar er erfitt um vik þegar kemur að því að senda dóm hæstaréttar fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Ferlið er þannig að innan þriggja mánuða þarf að senda dómstólnum kvörtun vegna málaloka á Íslandi sem væri ca 12 bls. Dómstóllinn tekur sér síðan um 6 mánuði að ákveða hvort hann taki málið að sér, en aðeins örlítill hluti mála sem er skotið til dómstólsins er tekinn fyrir að lokum. Ef svo fer að dómstóllinn tekur málið þá gæti málareksturinn tekið a.m.k. tvö ár.

Málsóknarsjóður GH á eftir að fara vandlega yfir málið áður en næstu skref verða tekin og eins að skoða hvaða fjárhagskostir eru í stöðunni til frekari aðgerða. Málsóknin fyrir hæstarétt kostaði um 4 milljónir að frádreginni "gjafsókn" frá ríkinu upp á 2 milljónir, er kostnaður GH um 2 milljónir.

Þorbjörn hvatti alla til að lesa dóminn vel og vandlega ekki síst áður en frekari viðbrögð væru ákveðin í kjölfar hans.

Dóminn má lesa hér, en sama niðurstaða var í öllum þremur málunum, þeirra Ingibjargar H. Sverrisdóttur, Sigríðar J. Guðmundsdóttur og Wilhem Wessaman:
<https://www.haestirettur.is/domar/ domur/?id=be06b293-5a8f-4e6b-95bf-34467d803d03>

5. Landreisa formanns

Formaður er kominn úr sinni 3ju landreisu og hefur nú heimsótt félög á frá Höfn í hornafirði og austur, norður, vestur, og allt að Borgarnesi í vestri; alls 40 aðildarfélög og fleiri í farvatninu sem hann hyggst funda með. Almenn og góð þátttaka hefur verið á fundunum og fagna félagsmenn almennt að eiga fund með formanni LEB.

Það sem einkum hefur vakið athygli er að víða er þónokkur aukning félagsmanna í einstökum félögum eldri borgara og þar sem verkefnastjórar Heilsueflingar eldra fólks hafa komið viðkomu er mikil ánægja með það framtak. Það sem brennur helst á fólki á hverjum stað eru kjaramálin efst á lista og áhyggjur af virðingaleysi í garð þess aldurshóps sem félögin taka til.

Í bígerð er formannafundur og er ákveðið að halda hann um leið og Málfarssjóður Gróa hersins hefur leitað víðar hófana um niðurstöðu hæstaréttar og tekið ákvörðun um næstu skref og verði þau kynnt á fundinum ásamt skýringum á niðurstöðu Hæstaréttar.

6. Fundur með fjárlaganefnd Alþingis

Formaður, Helgi Pétursson, ásamt formanni kjaranefndar LEB, Þorbirni guðmundssyni, sóttu fund fjárlaganefndar á dögnum. Með þeim í för var Þórólfur Matthíasson prófessor sem hafði unnið tölfræði sem var undirstaða umsagnar LEB um fjárlagafrumvarpið 2023.

Á fundinum fóru þeir yfir áhyggjur LEB á vísitöluútreikningi í fjárlagafrumvarpinu hvað varðar greiðslur almannatrygginga, en í umsögn LEB er rökstutt að vísitala hefur verið ranglega reiknuð allar götur frá 2018 sem gerir það að verkum að ellilífeyrir er lægri en hann ætti að vera samkvæmt lögum um almannatryggingar. Bæði Seðlabanki Íslands og Alþjóða gjaldeyrissjóurinn gerir ráð fyrir meiri vísitöluhækkun en sérfræðingar fjárlagafrumvarps fjármálaráðherra gera ráð fyrir.

Í fjárlagafrumvarpinu eru bæði alamanaksárin, 2022 og 2023, undir. Ef ekki verður horfið frá þessari braut að vanáætla vísitölu stefnir í enn frekari kjaraskerðingu á ellilífeyri.

Hér má lesa fjárlagafrumvarpið, umsagnir um það ásamt ferli þess á þinginu:

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir/thingum/ferill/?ltg=153&mnr=1>

7. Staða mála hjá Verkefnisstjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk

Formaður sem situr í verkefnastórninni kvað mikinn gang vera í vinnunni. Fyrirhugaður er almennur kynningarfundur á stöðunni hjá Verkefnastjórninni miðvikudaginn 30. nóvember nk. og verður fundinum væntanlega streymt.

8. Önnur mál

a) Formaður FEB í Reykjavík tjáði fundarmönnum að áður boðaðir fyrirlestrar Jónasar Elíassonar sem félagið hafði í hyggju að bjóða öllum aðildarfélögum upp á að sjá í genum streymi yrðu ekki, vegna alvarlegara veikinda fyrirlesara.


- b) Fulltrúi LEB í Framkvæmdasjóði aldraðra, Þorbjörn Guðmundsson, fór yfir stöðu sjóðsins og vertkefni. Sjóðnum er einkum ætlað að kosta uppbyggingu hjúkrunarheimila og hefði til þess árlega um 3,2 milljarða. Stærstur hluti þeirra fjárhæðar færi í langtíma samninga. 270 milljónir færu í viðhald á hjúkrunarheimilum. 625 milljónir færi í rekstur hjúkrunarheimila sem væri á undanþágu stjórnvalda frá lögnum. Sjóðsstjórnin sjálf hefur aðeins til ráðstöfunar um 670 milljónir.
- c) Bréf frá stjórn Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu. Þar er óskað eftir að fundargerðir stjórnar LEB birtist sem fyrst á vef LEB eftir hvern stjórnarfund.

Áralöng hefð er fyrir því að stjórn samþykkir fundargerð á næsta fundi sínum hverju sinni sem er að jafnaði haldinn á mánaðarfresti. Að formlegri samþykkt fenginni er það bókað í næstu fundargerð á eftir og í framhaldi ritar formaður undir fundargerðina eins og kveðið er á um í lögum LEB. Ef næsti fundur sem staðfestir fundargerðina er staðfundur þá er einnig hefð fyrir að allir viðstaddir stjórnarmenn skrifi einnig undir hana.

Samþykkt að fela formanni og skrifstofustjóra að vinna frekar í málinu.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 12.10.
Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum,
föstudag 16. desember 2022



Helgi Pétursson, formaður LEB